



Reykjavík, 13. júlí 2026
MSS26070035

Tillaga um framtíðarskipulag heilbrigðiseftirlits á höfuðborgarsvæðinu

Fulltrúi Vinstrisins leggur til að borgarstjóra verði falið að hefja viðræður við nágrannasveitarfélögin um stofnun sameiginlegrar skrifstofu eða embættis fyrir allt höfuðborgarsvæðið sem gæti tekið að sér að halda utan um og sinna þeim málaflokkum gamla heilbrigðiseftirlitsins sem ekki munu færast undir Umhverfis- og orkustofnun.

Greinargerð:

Með nýsamþykktum lögum um nýskipan heilbrigðiseftirlits í landinu verður mikil breyting á tilhögun þessa mikilvæga og viðkvæma málaflokks. Nákvæm verkaskipting ríkis og sveitarfélaga liggur ekki enn fyrir og bíður þess að ítarlegar reglugerðir verði gefnar út af ráðherra, en jafnframt er ljóst að sveitarfélögin geta ekki setið með hendur í skauti og beðið eftir þeim. Ýmsir málaflokkar verða undanskildir þegar heilbrigðiseftirlitið flyst til ríkisins og í öðrum tilvikum hljóta sveitarfélögin að vilja geta sinnt málum enn betur er lágmarksviðmið segja til um, svo sem á sviði loftgæða. Vatnsvernd er annar málaflokkur þar sem sveitarfélögin hljóta að vilja geta stillt saman strengi sína, fremur en að semja vatnsverndarsamþykktir hvert í sínu horni.

Tillagan gerir ráð fyrir því að borgarstjóri hefji þegar í stað viðræður við sveitarfélög í nágrenninu um mögulegt samstarf sem mun tryggja að til verði burðugt embætti sem hafi bolmagn til að sinna þeim verkefnum sem eftir standa undir sameiginlegri stjórn.



Reykjavík